

BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að opnunartími leikskóla verði aftur óskertur - R21020054

Borgarráð samþykkir að ráðast tafarlaust í skipulag óskerts opnunartíma leikskóla Reykjavíkur, enda rann samþykkt skóla- og frístundaráðs um skertan opnunartíma af sóttvarnarástæðum út þann 31. desember 2020, eða fyrir liðlega fimm vikum. Ekki verður séð að þær aðstæður séu uppi í íslensku samfélagi sem kalli á skerta leikskólaþjónustu vegna COVID-19. Jafnréttismat hefur staðfest að skerðingar koma verst niður á vinnandi mæðrum, lágtækjuhópum, fólki af erlendum uppruna og þeim sem hafa lítinn sveigjanleika í starfi. Tryggja þarf óskerta þjónustu tafarlaust svo fjölskyldur í Reykjavík fái nauðsynlegan sveigjanleika.